

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1966.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við þau gjöld, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1966, eru veittar kr. 926 118 972.05 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A er veitt:

1. Póstur og sími	kr. 76 058 580.52
af kr. 125 443 592.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins	— 61 980 598.10
af kr. 157 806 519.14 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
3. Ríkisútlarp	— 14 856 317.83
en tekjur fóru kr. 4 620 351.08 fram úr fjárlagaáætlun.	
4. Viðtækjaverzlun	— 1 784 905.99
en tekjur fóru kr. 1 192 916.03 fram úr fjárlagaáætlun.	
5. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	— 1 963 875.37
en tekjur fóru kr. 1 891 207.45 fram úr fjárlagaáætlun.	
6. Áburðarsalan	— 8 317 845.27
af kr. 8 385 429.68 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
7. Landssmiðjan	— 1 512 195.30
af kr. 1 834 825.64 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
8. Innkaupastofnun	— 2 147 693.31
af kr. 4 228 038.71 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
9. Bessastaðabú	— 309 037.65
en tekjur urðu kr. 519 097.66 undir fjárlagaáætlun.	
10. Hvanneyrarbú	— 1 480 564.29
en tekjur fóru kr. 1 152 577.61 fram úr fjárlagaáætlun.	
11. Vífilsstaðabú	— 723 288.04
af kr. 767 702.87 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
12. Kópavogsbú	— 74 631.71
af kr. 88 542.54 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	

Kr. 171 209 533.38

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. eru veittar	kr. 651 902.82
— — — — - 10. — I. — —	— 13 186 096.28
— — — — - 10. — II. — —	— 5 274 913.34
— — — — - 10. — III. — —	— 399 859.01
— — — — - 11. — A. — —	— 30 024 213.71
— — — — - 11. — B. — —	— 18 542 431.07
— — — — - 11. — C. — —	— 354 855.35
— — — — - 12. — — —	— 25 579 912.20
— — — — - 13. — B. — —	— 11 463 641.30
— — — — - 13. — C. — —	— 808 592.13
— — — — - 13. — D. — —	— 4 297 066.21

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. E.	eru veittar	kr.	1 655 868.29
— — — — - 13. — F.	— —	—	1 854 550.10
— — — — - 14. — A.	— —	—	48 251 865.85
— — — — - 14. — B.	— —	—	4 248 748.24
— — — — - 15. —	— —	—	3 092 093.43
— — — — - 16. — A.	— —	—	10 990 622.73
— — — — - 16. — B.	— —	—	18 896 314.45
— — — — - 16. — C.	— —	—	2 069 997.30
— — — — - 16. — D.	— —	—	4 628 010.66
— — — — - 16. — E.	— —	—	1 521 329.71
— — — — - 17. —	— —	—	22 078 369.27
— — — — - 18. —	— —	—	7 670 095.52
— — — — - 19. — 1.	— —	—	54 066.633.83
— — — — - 19. — 2.	— —	—	34 044 886.34
— — — — - 19. — 3.	— —	—	89 330 653.09
— — — — - 19. — 8.	— —	—	1 406 505.81

 Kr. 587 599 561.42

 Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar — 338 519 410.63
 Inn fóru kr. 375 488 911.31 fram úr fjárlagaáætlun.

 Samtals kr. 926 118 972.05

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um Fiskimálaráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar Fiskimálaráð samkvæmt því, sem segir í 7. gr. laga þessara.

2. gr.

Fiskimálaráð skal vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og markaðsmálum, og skal það beita sér fyrir góðri samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli, með gagnasöfnun, umræðufundum, skýrslugerð, útgáfu- og fræðslustarfsemi og öðrum ráðum, sem líklegust eru talin til þess hverju sinni, að tilganginum með stofnun ráðsins verði náð.